

Nd.

437. Breytingartillaga

[20. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá dómsmálaráðherra.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verði 4. grein, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista, eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það.